

Ahorugeze gegn Svíþjóð

Dómur frá 27. október 2011

Mál nr. 37075/09

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hælisleitendur. Framsal. Grunur um alþjóðlega glæpi.

1. Málsatvik

Kærandi, Sylvere Ahorugeze, er rúandískur ríkisborgari af Þjóðflokki hútúa. Hann fæddist árið 1956 og er búsettur í Danmörku. Kærandi fluttist til Danmerkur árið 2001 og fékk stöðu flóttamanns en áður hafði hann starfað sem yfirmaður flugmálafyrivalda í Rúanda. Árið 2007 fóru yfirvöld í Rúanda fram á það við dönsk yfirvöld að þau framseldu kæranda en hann var grunaður um aðild að þjóðarmorði og mannúðarglæpum í Rúanda. Dönsk yfirvöld svöruðu ekki framsalsbeiðninni. Árið 2008 barst sænskum lögregluyfirvöldum tilkynning frá sendiráði Rúanda í Stokkhólmi um að kærandi væri þar í landi í heimsókn. Í kjölfarið var kærandi handtekinn á grundvelli alþjóðlegrar handtökuskipunar. Í ágúst sama ár fór saksóknari í Rúanda fram á að kærandi yrði framseldur svo mögulegt væri að saksækja hann fyrir þá glæpi sem honum voru gefnir að sök. Því var heitið að kærandi hlyti mannúðlega meðferð í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Árið 2009 komst Hæstiréttur Svíþjóðar að þeirri niðurstöðu að lög hindruðu ekki framsal kæranda til Rúanda enda hafði dauðarefsing verið afnumin þar í landi og réttarkerfið og ástand fangelsismála hafði batnað. Sænsk stjórnvöld ákváðu því að framselja kæranda til Rúanda. Mannréttindadómstóllinn fór fram á það við sænsk stjórnvöld á grundvelli reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins að þau frestuðu framsali kæranda þar til þau hefðu leyst úr kærú hans um að framsal hans til Rúanda bryti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að mikil hætta væri á því að hann sætti pyndingum eða annarri illri meðferð yrði hann framseldur til Rúanda. Þá kynni hann að sæta ofsóknum enda væri hann af þjóðflokki hútúa. Kærandi bar því einnig við að ekki væri líklegt að hann hlyti sanngjarna málsmeðferð fyrir dómstólum í heimalandi sínu og það bryti gegn 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr. Að mati dómstólsins voru aðstæður í því fangelsi sem til stóð að vista kæranda ásættanlegar enda hafði Alþjóðadómstóllinn um glæpi í Rúanda staðfest að svo væri að beiðni norskra og hollenskra yfirvalda. Ekkert benti til þess að kærandi myndi sæta slæmri meðferð í Rúanda enda höfðu ómannúðlegar refsingar, til að mynda lífstíðarlöng einangrunarvist, verið afnumdar þar í landi árið 2008. Fullyrðing kæranda um að hann kynni að sæta ofsóknum vegna þess að hann var hútúi þótti ekki sannfærandi þar sem engar upplýsingar höfðu verið lagðar fram sem sýndu fram á ofsóknir gegn hútúum í Rúanda. Dómstóllinn taldi þar af leiðandi það ekki fela í sér brot á 3. gr. sáttmálans af hálfu Svíþjóðar ef kærandi yrði framseldur til heimalands síns.

Um 6. gr. Þótt Alþjóðadómstóllinn um glæpi í Rúanda og ýmis ríki hefðu árin 2008 og 2009 neitað að framselja grunaða stríðsglæpamenn til Rúanda vegna ótta við að þeir myndu ekki hljóta sanngjarna meðferð þá hefði ástandið í Rúanda batnað mikið upp á síðkastið. Til að mynda hefði lögum í Rúanda verið breytt og lagaumhverfið bætt til muna. Dómstóllinn lagði mat á þær breytingar sem gerðar höfðu verið á lagaumhverfinu í Rúanda og ályktaði að þær kröfur sem nú væru gerðar til dómstóla í landinu uppfylltu skilyrði 6. gr. sáttmálans. Þessu til stuðnings benti dómstóllinn á ákvörðun Alþjóðadómstólsins um glæpi í Rúanda frá árinu 2011 að framselja skyldi sakborning til Rúanda þar sem lagaumhverfið uppfyllti að þeirra mati nú orðið alþjóðlegar kröfur um mannréttindi. Framsal kæranda til Rúanda fól því að mati dómstólsins ekki í sér brot á 6. gr. sáttmálans.